

# Eystrahorn

41. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 15. nóvember 2018

www.eystrahorn.is


## Áfangastaðaáætlun Suðurlands komin út

Áfangastaðaáætlun DMP (e. Destination Management Plan) er heildstætt ferli þar sem lítið er til skipulags og samþættingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þar með talið:

- þarfir gesta og heimamanna
- þarfir fyrirtækja og umhverfis.

Með Áfangastaðaáætlun Suðurlands er komin heildstæð áætlun fyrir ferðþjónustuna á Suðurlandi sem tekur tilliti til ferðþjónustu, náttúru, menningarminja og samfélags. Áfangastaðaáætlun þessi var unnin frá apríl 2017 – maí 2018 í samstarfi við hagaðila á Suðurlandi.

Í markaðsgreiningu sem Markaðsstofa Suðurlands lét gera árið 2016 var dregin fram þrískipting svæða á Suðurlandi; Vestursvæði, Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar og Ríki Vatnajökuls og var notast við þá svæðaskiptingu í áfangastaðaáætluninni. Vestursvæðið er samsett af sveitarfélögum innan Árnessýslu ásamt Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar eru Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Vestmannaeyjar. Ríki Vatnajökuls er Sveitarfélagið Hornafjörður. Gerð var ein áfangastaðaáætlun fyrir Suðurland í



heild sinni og þrjár aðgerðaráætlanir, ein fyrir hvert svæði.

Verkefnið var fjármagnað af Ferðamálastofu og er eitt af forgangsverkefnum Vegvísis fyrir ferðþjónustuna, sem birtur var í lok árs 2015.

Áfangastaðaáætlun Suðurlands verður kynnt á fundi hjá Ferðamálastofu á Hótel Sögu ásamt áfangastaðaáætlunum annarra landshluta fimmtudaginn 15. nóv. kl 13.00. Fundinum verður einnig streymt á netinu.



Skýrsluna má finna á heimasíðunni [www.south.is/is/dmp](http://www.south.is/is/dmp)

## Nýtnivika Umhverfis Suðurland

Nú á laugardaginn hefst árlegt samevrópsk vitundaráttak sem kallast á íslensku Nýtnivika (e. The European Week for Waste Reduction). Hugmyndin að Nýtniviku er að vekja athygli á sjálfbærum auðlindum og úrgangsstjórnun. Nauðsynlegt er orðið að draga úr magni úrgangs en það er hægt meðal annars með að minnka neyslu, lengja líftíma hluta, samnýta þá og tryggja þeim framhaldslíf ef þeir gagnast ekki fyrri eiganda lengur. Allir geta tekið þátt í Nýtniviku með ýmsum hætti, allt frá naflaskoðun til skipulagningu viðburða fyrir nærsamfélagið. Nýtnivika 2018 er haldin 17.-25. nóvember.

Hafir þú eða þitt félag áhuga á að taka þátt með virkum hætti hvetjum við ykkur til að kíkja á viðburðardagatalið inná [www.umhverfissudurland.is](http://www.umhverfissudurland.is) og sjá hvað er að gerast á Suðurlandi. Ef þið viljið sjálf halda viðburð, látið okkur vita og við munum aðstoða við að koma honum á framfæri.



EVROPSK NÝTNIVIKA  
17.-25. NÓVEMBER 2018



## Frumherji

### Bifreiðaskoðun á Höfn 19., 20. og 21. nóvember.

Tímapantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 16. nóvember.  
Næsta skoðun 14., 15. og 16. janúar.

**Frumherji**  
*Þegar vel er skoðað*

Bæjarfulltrúar og stjórn Sjálfstæðisfélags A-Skaft  
býður uppá súpu í húsi félagsins að Kirkjubraut 3  
kl. 11:00-13:00 laugardaginn 17. nóvember

Sérstakur gestur fundarins verður  
alþingismaðurinn Ásmundur Friðriksson.

Þeir sem hafa áhuga á að hitta þingmanninn  
einslega geta haft samband við hann í síma  
894-3900, en hann verður á Höfn föstudag og  
laugardag.

Hlökkum til að hitta sem flesta  
og ræða málin.

Allir velkomnir



Jólavörur streyma í hús, mikið úrval  
af nýjum vörum, iittala vetrabollinn  
kominn, sjón er sögu ríkari.

Verzlunin verður opin á  
laugardögum fram að jólum frá  
kl. 13:00-15:00.

*Húsgagna*

Verið velkomin

Símar: 478-2535 / 898-3664  
Opíð: virka daga kl. 13:00 - 18:00  
Laugardaga kl. 13:00 - 15:00



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: .....Tjörvi Óskarsson

Prentun: .....Litlaprent

ISSN 1670-4126

**Eystrahorn**

**Vildaráskrift**

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



## FÉLAGSSTARF

### FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

**FÖSTUDAGUR 16. NÓVEMBER**

**SAMVERUSTUND Í EKRUNNI KL. 17.00.**

SAMVERUSTUNDIN ER HELGUÐ DEGI  
ÍSLENSKRAR TUNGU.

Lesið og sungið verður úr verkum Stefáns  
Jónssonar rithöfundar og kennara.

Hver man ekki Söguna af Hjaltla litla eða  
Gutta- og Aravísurnar.

Einnig les Torfhildur Hólm Torfadóttir  
frumort ljóð.

Allir hjartanlega velkomnir.

**FÉLAGSVISTIN HELDUR ÁFRAM Í KVÖLD**  
**FIMMTUDAGINN 15. NÓVEMBER KL. 20:00.**



Sveitarfélagið

**HORNAFJÖRÐUR**

### Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur vegna lýsingar á aðal-  
skipulagsbreytingu að Svínhólum verður haldinn  
**mánudaginn 19. nóvember 2018 kl. 12:00.**  
Fundurinn verður haldinn í Ráðhúsi sveitarfélagsins  
að Hafnarbraut 27, 780 Höfn.

*Gunnlaugur Róbertsson,*  
*skipulagsstjóri*

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið

**HORNAFJÖRÐUR**

### Verkefni sveitarfélagsins 2018

Í tengslum við fjárhagsáætlunargerð 2018 óskar  
bæjarráð eftir að íbúar sendi inn ábendingar að  
verkefnum fyrir árið 2018.

Hægt er að senda inn hugmyndir að verkefnum á  
heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) á  
síðunni *þátttaka*/ láttu þína skoðun í ljós.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

## Sjónarhóll – sátt til framtíðar



Þann 1. nóvember síðast liðinn var Sjónarhóll, ný leikskólinn á Höfn opinn fyrir gestum og gangandi og nýttu margir tækifærið til að skoða þessa flottu byggingu.

Þegar 3.framboðið varð til árið 2014 kom berlega í ljós mikil óánægja með leikskólamáli í samfélaginu. Það varð því eitt af helstu stefnumálum nýs framboðs að koma þeim málum í farveg þannig að sem flestir yrðu sáttir og þjónusta við börn og barnafjölskyldur bætt. Eftir kosningarnar 2014 vann 3.framboðið með sjálfstæðisflokki í meirihluta að því að undirbúa breytingar í leikskólamáli. Til að framkvæmdin tækist sem best var unnið með hagsmunaaðilum og hlustað á þeirra hugmyndir. Á endanum var ákveðið að endurbyggja og stækka húsnæðið að Lönguhólum og þar er nú 6 deilda leikskóli, hannaður fyrir allt að 144 börn, nýbyggingin er uppá tæpa 500 m<sup>2</sup> og endurbætur á öllu húsinu sem áður var leikskólinn Lönguhólar sömuleiðis um 500 m<sup>2</sup>. Verkefnið var stórt og mjög vandasamt en það er oft erfitt að skeyta saman gömlu og nýju húsnæði svo vel fari. Lögð var áhersla á að vanda allan undirbúning til að útkoman yrði sem best. Það reyndi vel á þolrifin í þessari löngu vegferð og foreldrar, nemendur og starfsfólk leikskólans eiga heiður skilið fyrir þolinmæðina og má segja að nú njóti allir afraðstursins. Það var mikið gleðiefni þegar starfsemi hófst á Sjónarhóli í ágúst síðast liðnum í glæsilegu húsnæði og á vel hannaðri skólalóð sem mætir nútíma kröfum fyrir leikskólafarsemi.

Björn Þór Inmsland, umsjónar-, eftirlits- og ábyrgðamaður fasteigna kom á fund bæjarráðs þann 26. október síðast liðinn. Þar sagði hann bæjarráði frá bráðabirgðauppgjöri varðandi leikskólann Sjónarhól. Nú hafa verið borgaðar 581 milljón fyrir verkið sem þýðir að kostnaður er um 1,6% umfram áætlun og verður það að teljast býsna gott. Það hversu vel tókst til er ekki síst góðri undirbúningsvinnu að þakka. Verktakar sem að stærstum hluta voru heimamenn og starfsfólk sveitarfélagsins sem vann að þessum málum eiga miklar þakkir skildar fyrir sína aðkomu að verkefninu. 3. framboðið er stolt að því að hafa átt frumkvæði að þessum breytingum og ná að fylgja þeim eftir á síðasta kjörtímabili. Við óskum nemendum og starfsfólki á Sjónarhóli alls hins besta og nú verður vonandi sátt um leikskólamáli á sveitarfélaginu okkar.

3.framboðið

## Á milli umræðna

Kæru Hornfirðingar, þá er kominn nóvember og var fjárhagsáætlun næsta árs vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn sl. fimmtudag. Fjárhagsáætlunin leggur línurnar fyrir næsta ár og samhliða er afgreidd 3ja ára áætlun sem gefur vísbendingar um næstu ár þar á eftir. Segja má að ramminn sé kominn en milli umræðna gefst tími til að finnstilla áætlunina og gera minniháttar breytingar ef þurfa þykir.

Haustið hefur verið fljótt að líða enda hafa verkefnið verið ærin. Haustið eftir sveitarstjórnarkosningar er alltaf erilsamt þar sem mikið er um fundi og ráðstefnur fyrir kjörna fulltrúa sem eru á sama tíma að koma sér inn í málefni sveitarfélagsins.

Auglýst var eftir bæjarstjóra strax eftir kosningar sem skilaði ekki árangri. Í kjölfar þess var ákveðið eftir góðar ábendingar og umræður að bjóða Matthildi Ásmundardóttir stöðuna sem hún svo þáði. Matthildur kom síðan til starfa þann 1. september og datt beint inni fjárhagsáætlunargerð sem var þá komin af stað undir góðri handleiðslu Ólafar Ingunnar Björnsdóttur fjármálastjóra sem starfaði sem bæjarstjóri frá kosningum og þar til Matthildur kom til starfa.

Ýmis verkefni hafa verið sett af stað á haustdögum s.s. vinnuhópur sem vinnur að tillögum um uppbyggingu íþróttamannvirkja, greining á sörpmálum og fráveituframkvæmdum forgangsraðað. Einnig er undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis komin á fulla ferð svo fáein mál séu nefnd.

Ákvörðun hefur verið tekin og samþykkt í bæjarstjórn að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatts í 0,45% sem dregur úr hækkan fasteignagjalda í öllu sveitarfélaginu en álagningarstofninn hækkar um 9% í ár og hefur verið að hækka síðustu árin.

Áfram er haldið með fráveituframkvæmdirnar. Forgangsatridið nú er að ljúka og ganga frá eftir framkvæmdir síðustu ára í Nesjahverfi. Leirusvæðið er svo næst í röðinni en mikil uppbygging hefur átt sér stað á því svæði. Samhliða þessu verður undirbúningur fyrir framkvæmdir á Hafnarbraut sem áætlaðar eru 2020.

Hvað mig sjálfa varðar þá var ég kjörin í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á landsþingi sambandsins á Akureyri í september og var síðan kölluð inn sem varaþingmaður á Alþingi þann 5. nóvember sl. Ég mun sitja á Alþingi fram að jólahléi í forföllum Silju Daggar Gunnarsdóttur alþingismanns samhliða verkefnum mínum í bæjarstjórn. Ég mun kappkosta að láta rödd okkar Hornfirðinga heyrast sem víðast og jafnframt vinna fyrir sveitarstjórnarstigið og kjördæmið í heild í störfum mínum.

Að lokum hvet ég íbúa til að mæta á kynningarfundina sem haldnir eru í tengslum við fjárhagsáætlun eins og venja er á milli umræðna. Þar gefst gott tækifæri til að ræða verkefni framundan, fá svör við þeim spurningum sem brenna á fólki og koma með ábendingar til bæjartjórnar um allt sem sveitarfélagið varðar.

**Fundirnir verða þann 20. nóvember í Hrollaugsstöðum kl.17:00 og Hofgarði kl. 20:00.**

**Föstudaginn 23. nóvember kl. 12:00 í Nýheimum.**

Ásgerður K. Gylfadóttir  
formaður bæjarráðs

### SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,  
umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband, [tjorvi@upplausn.is](mailto:tjorvi@upplausn.is) eða í síma 848-3933.



## Manstu eftir taupokanum?

**POKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland



## Todmobile og Blúsmenn Andreu á Norðurljósablús



Norðurljósablús, Blús- og rokkhátíð Hornafjarðar, verður haldin dagana 7. til 9. mars 2019. Dagskráin er ekki af verri endanum þar sem Blúsmenn Andreu munu troða upp á föstudeginum og Todmobile á laugardeginum ásamt böndum tengdum Hornafirði. Nánari dagskrá verður auglýst síðar en við hvetjum alla Hornfirðinga til þess að taka helgina frá.

*Stjórn Norðurljósablús*

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ

á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2018, kl. 16:00

Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur af Mennta og menningarmálaráðuneytinu og Árnastofnun í Nýheimum föstudaginn 16. nóvember kl. 16:00, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra mun veita verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

### Dagskrá:

- Tónlistaratriði, nemendur Tónskóla Austur- Skaftafellsýslu
- Ljóðalestur, nemendur Grunnskóla Hornafjarðar
- Opnun Nýyrðabanka Árnastofnunar, nemendur Grunnskólans og Ágústa Þorbergsdóttir málfræðingur
- Nýyrði nemenda Grunnskóla Hornafjarðar kynnt
- Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar afhent, ráðherra veitir verðlaunin
- Sérstök Viðurkenning á degi íslenskrar tungu, ráðherra veitir viðurkenninguna

Kynnir, Eva María Jónsdóttir  
Móttaka í Listasafni Svavars Guðnasonar

*Allir velkomnir*



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

